

Alþingi
Erindi nr. P 137/630
komudagur 20.7.2009

20.7.2009

Nefndasvið Alþingis.

Elín Valdís Þorsteinsdóttir.

125. mál

Sæl.

Var að koma úr frii og sá þá að til mín hafði komið frumvarpið til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur.

Hef auðvitað ekki haft nokkrun tíma til að lesa það yfir gaumgæfulega eins og réttast væri en rak þó augun í eitt atriði sem ekki er alveg að falla að því sem ég þekki um vinnubrögð í kosningum:

Í 9. Og 10. Gr. Frumvarpsins er verið að ræða um meðferð ágreiningsseðla og þá eigi að senda til Landskjörstjórnar sem á að úrskurða um gildi þeirra.

Ég tel að hér sé um einhvern misskilning að ræða sem gæti orsakast af heitinu ágreiningsseðlar, en í alþingiskosningum eru einu ágreiningsseðlarnir sem svo eru kallaðir þeir sem sendir eru alþingi til úrskurðar og þeir verða þannig til að umboðsmenn listanna gera ágreining um þá.

Í þjóðaratkvæðagreiðslu eru líkast til engir umboðsmenn ?
Því þar er verið að kjósa um eitthvert málefni ?

Í lögnum til alþingis eru seðlar sem yfirkjörstjórn úrskurðar um ekki ágreiningsseðlar í þessum skilningi heldur fer um þá eins og yfirkjörstjórn úrskurðar, þ.e. þeir eru úrskurðaðir gildir eða ógildir eða til einhvers flokks. Úrskurður um þetta atriði er í höndum yfirkjörstjórnar sem telur 5 menn og geta atkvæði þar fallið á alla kanta, en eftir úrskurðinn eru atkvæðin talin eftir þeim úrslitum og verða þar af leiðandi ekki ágreiningsseðlar í þessum skilningi.

Mergurinn málsins er því þessi : Í þjóðaratkvæðagreiðslu verða samkvæmt þessu ekki til neinir ágreiningsseðlar ef farið væri eftir lögnum til alþingis, þar sem umboðsmenn flokkanna eru ekki til staðar, því ekki er verið að kjósa á milli flokka.

Loks vil ég taka það fram að ég hefði viljað skoða þessi lög miklu betur og fara vel yfir þau áður en ég sendi mína umsögn, en ég hef unnið við kosninga á annan áratug.

Ég sendi þetta þó til ykkar ef svo skyldi vera að lögin hafi ekki verið samykkt ennþá og því tími til leiðréttinga.

Með bestu kveðju

Karl Gauti Hjaltason, formaður yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis